

Nr. 436

12. maí 2016

AUGLÝSING um deiliskipulag í Reykjavíkurborg.

Vesturhöfnin: Fiskislóð 37b, Grandagarður 20 og Norðurgarður 1.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 4. maí 2016 breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar vegna lóðanna nr. 37B við Fiskislóð, 20 við Grandagarð og 1 við Norðurgarð. Í breytingunni felst færsla á byggingarreit lóðar nr. 37B við Fiskislóð um 4 metra til suðurs vegna legu fráveitulagna OR, fækkun bílastæða á lóð nr. 20 við Grandagarð úr 56 í 37 og stækkan á byggingarreit A á lóð nr. 1 við Grandagarð við norðvesturhlíð hússins þar sem gert er ráð fyrir nýju anddyri. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 12. maí 2016.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 27. maí 2016